



**Innramatsskýrsla**  
**Fjölbrautaskóla Suðurnesja**  
**skólaárið 2014-2015**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**Haut 2015**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Tölulegar upplýsingar .....	3
Nýbreytni .....	3
Matsnefnd .....	4
Úrbótaáætlun .....	5
Í A hluta viðauka skólasamningsins voru sett ákveðin mælanleg markmið .....	6
Lokaorð .....	8

## Inngangur

Eftirfarandi er stutt úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hvernig gekk að ná þeim markmiðum sem skólinn setti sér. Ítarlegri og nákvæmari skýrsla um starfsemi skólans er að finna á heimasíðu hans undir heitinu „Skólaskýrsla FS fyrir 2014 – 2015“. Slóðin er:

<http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>

## Tölulegar upplýsingar

Nemendur í skólanum á haustönn 2014 voru lítið eitt færri en árið áður eða 1034, 960 í dagskóla og 9 í fjarnámi. Auk þess stunduðu 66 nemendur grunnskólanna á svæðinu nám í ensku og stærðfræði.

Nokkur fækkun nemenda varð milli anna eins og alltaf gerist en rétt um þúsund nemendur hófu nám á vorönn 2015. Fjöldi grunnskólanemenda var nánast óbreyttur enda eru áfangar sem flestir þeirra taka kenndir á heilu ári í stað einnar annar. Fjöldi kennslustunda á haustönn var 1666 tímar í dagskóla á móti 1780 haustið 2013 svo þeim hefur heldur fækkað samhliða fækkun nemenda. Einnig hefur kenndum stundum fækkað á starfsbraut í 90+15 á haustönn 2014 úr 106+18 (álagið) sem var á haustönn 2013. Þar ræður mestu samsetning nemendahópsins.

Fjöldi kennslustunda á vorönn var 1519 og á starfsbraut var hann 117,5+20. Þetta er eitthvað sem alltaf má búast við enda er fækkun nemenda yfirleitt milli haust- og vorannar. *Fjölgunin á starfsbrautinni er vegna þess að verið var að setja inn áfanga sem hafa verið látnir bíða, og þá sérstaklega valáfanga í verklegum fögum.*

Kennsludagar voru 71 og prófadagar 15 á haustönn en kennsludagar voru 75 og prófadagar 12 á vorönn. Aðrir vinnudagar á starfstíma skóla voru 4.

Fjöldi starfsmanna þessar tvær annir var 95 (H14) og 94 (V15). Þar af voru kennarar 78 (H14) og 74 (V15), stundakennarar voru 5 báðar annir. Aðrir starfsmenn voru 12 á haustönn en 15 á vorönninni. Þess má geta að verktakafyrirtæki sjá um mötuneyti og ræstingu. Frekari upplýsingar um starfsaldur og menntun kennara má sjá á heimasíðu skólans.

## Nýbreytni

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabíl verið í samstarfi við FSu og FVa og hélt það samstarf áfram þetta skólaár. Skólarnir voru með þróunarverkefni í gangi en það er endurskoðun á námsbrautum í málmiðna-, véltækni-, bygginga- og mannvirkjagreinum.

Auk þess var skólinn þátttakandi með öðrum í þróunarverkefnum sem snerta hárið, matvælagreinum, sjúkraliðanám og nám á starfsbraut.

Námskrármálin voru fyrirferðarmikil. Unnið var að skipulagi stúdentsbrauta og búið er að ganga frá þremur stúdentsbrautum og setja þær inn í námskrárgrunninn. Það eru raunvísindabraut, félagsvísindabraut og fjölgreinabraut. Þetta eru 200 f-eininga brautir sem nemendur eiga að geta lokið á þremur árum. Þær bíða samþykktar ráðuneytisins. Einnig er búið að ganga frá starfsbraut og hefur hún fengið samþykki ráðuneytisins.

Auk þess var unnið að uppsetningu starfsnámsbrauta og framhaldsskólabrautar sem hægt er að ljúka á tveimur árum. Ein þeirra, tölvuþjónustubraut, var í skoðunarferli hjá Menntamálastofnun á liðnu vori. Stefnt að því að ljúka við skipulag og uppsetningu stuttu starfsnámsbrautanna og framhaldsskólabrautar á vorönn 2016. Verkefnisstjóri ásamt hópi starfsmanna mun halda utan um þetta ferli.

Nemendum 10. bekkja og forráðamönnum þeirra var boðið á opið hús milli kl. 17:00 og 19:00 þann 24. mars. Það er í þriðja sinn sem það er gert en með örlítið breyttu sniði frá því síðast. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Það er stöðugt í umræðunni í skólanum hvernig ná megi til nemenda og forráðamanna þeirra á sem árangursríkastan hátt.

Í tengslum við AN-fornám var farið af stað með smíða- og listasmíðju á síðasta skólaári. Þar smíða nemendur leikföng eins og dúkkurúm og hjólalestir úr tré og svo hlaupahjól og skurðgröfur úr járn og hafa nú náð að heimsækja alla leikskóla á Suðurnesjum og fært þeim þessi leikföng að gjöf. Þetta er verkefni sem hefur tekist mjög vel og verður haldið áfram með en farið er að huga að hvaða fleiri leikföng hægt er að smíða.

Textíldéild skólans var í samstarfi við Fjölskylduhjálpinu á vorönn en í einum áfanga hjá deildinni var unnið með endurvinnslu. Samstarfið fólst í því að skólinn fékk hráefni frá Fjölskylduhjálpinu sem nemendur endurunnu og gáfu til baka. Í áfanganum unnu nemendur þannig tíu ungbarnasængurver og einnig tíu ungbarnanáttföt úr efni sem þeir fengu frá þeim. Þetta gekk vel og sýndu nemendur þessu mikinn áhuga og metnað og fóru síðan með afraksturinn og afhentu þetta formlega og hittu starfsfólk Fjölskylduhjálparinnar. Með þessum verkefnum sýna nemendur að þeir eru tilbúnir til að láta gott af sér leiða um leið og þeir fást við raunveruleg verkefni.

Tveir nemendur af listnámsbrautinni fengu það verkefni að mála merki og einkunnarorð skólans á einn vegg innanhúss og nú blasir það við öllum sem heimsækja skólann.

Þá var ráðist í endurbætur á heimasíðu skólans og hún sett upp á nýjan leik. Jafnframt opnaði skólinn facebook-síðu þar sem viðburðum og öðru úr skólastarfinu er komið á framfæri.

## Matsnefnd

(skýrsla í heild í skólaskýrslunni)

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2015.

Helstu verkefni á haustönn 2014 voru:

1. Kennslumat þar sem u.þ.b. fjórðungur kennara er metinn
2. Móttaka nýrra starfsmanna

Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl.

Könnun var gerð á móttöku nýrra starfsmanna en framkvæmdin var eins og þegar sama könnun var gerð 2011. Nánar má lesa um framkvæmdina í skýrslu matsnefndar sem er í skólaskýrslunni.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða skólans tekin út.

Helstu verkefni á vorönn 2015 voru:

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum 18 kennara var metin
2. Könnun á fjölbreyttu námsmati í FS
3. Samskipti nemenda við starfsmenn aðra en kennara
4. Könnun á viðhorfi starfsmanna til mötuneytis skólans

Ákveðið var að kanna fjölbreytni námsmatsaðferða í skólanum en í úttekt sem gerð var á vegum MMR. 2010 kom fram að skýrsluhöfundar töldu námsmatsaðferðirnar fábreyttar í skólanum. Könnun var lögð fyrir þá starfsmenn sem höfðu lengri en tveggja ára starfsaldur við skólann. Nánar má lesa um framkvæmdina í skýrslu matsnefndar í skólaskýrslunni sem áður er nefnd.

Á vorönn var gerð rafræn könnun á samskiptum nemenda við annað starfsfólk skólans en kennara. Þetta er hliðstæð könnun sem gerð var 2012 og niðurstöðurnar bornar saman. Svarhlutfall var rúm 42% og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar í starfsmannaviðtölum við annað starfsfólk.

Einnig var gerð rafræn könnun á viðhorfi og notkun starfsmanna skólans til mötuneytisins. Spurt var m.a. um gæðin, úrvalið, verðið og þjónustuna.

Að venju var einnig gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Um framkvæmd og niðurstöður þessara kannanna má sjá í skýrslu matsnefndar sem er í skólaskýrslunni.

### **Úrbótaáætlun**

Við móttöku nýrra starfsmanna kom fram að þeir töldu vanta betri upplýsingar fyrir þá starfsmenn sem hefja störf eftir að hefðbundið starf á önninni er hafið. Þá vanta starfslýsingar fyrir ófaglært starfsfólk með lýsingum á starfsskipulagi svo auðveldara væri að komast inn í starfið. Þá vantaði ákveðinn tengilið fyrir nýliðana sem þeir gætu leitað til með atriði er tengjast starfinu.

Niðurstöður könnunar um námsmatsaðferðir benda til þess að námsmatsaðferðir við skólann séu fjölbreyttar. Athygli vekur þó hversu fáir nota munnleg próf í námsmati og leggur matsnefnd til að umræða um gildi munnlegs námsmats verði umfjöllunarefni á kennarafundi/kaffihúsafundi á næstu haustönn.

Í samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara er áberandi er hve margir segjast ekki hafa nein samskipti við námsráðgjafa. Vinna þarf að því að kynna námsráðgjafa betur, til dæmis með því að námsráðgjafar fari í heimsókn í kennslustundir með kynningu á þjónustu sinni á fyrstu vikum hvers skólaárs. Þá gætu námsráðgjafar sérhæft sig til þess að sinna ákveðnum brautum svo sem iðnnámi. Sama á við um skólahjúkrunarfræðing, það gæti verið til bóta að kynna betur fyrir nemendum hvaða þjónustu hann veitir með fræðslu í hópum/kennslustundum.

Þó starfsmenn séu almennt ánægðir með mötuneytið benda þeir á að fjölbreytni heita matarins og salatbarsins sé ábótavant og bæta mætti úrvalið.

## Í A hluta viðauka skólasamningsins voru sett ákveðin mælanleg markmið.

- Markmiðið er að meðaltal spurninganna verði aldrei undir 4,0. Einnig verður stuðst við sjálfsmat kennara.
- Hrós og umbun fyrir vel unnin störf nemenda. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurningar 13 og 14) fari ekki undir 3,8.
- Stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurning 17) fari ekki undir 4,25.

	Vor 2013	Haust 2013	Haust 2014	Vor 2015	Viðmið
Kennslumat almennt	4,15	4,21	4,15	4,25	4
Hvatningin	3,8	3,93	3,86	3,95	3,8
Hrósið	3,9	4	3,98	4,05	3,8
Líðan	4,37	4,38	4,28	4,42	4,25
Brottfall	10,2%	7,5%	10,8%	10,3%	10%
Hættu á önninni	43 (4,4%)	66 (6,4%)	52 ( 5,5%)	31 (3,3%)	

Niðurstöður kennslumatsins sýna að markmið hafa náðst í öllum þáttum bæði hvað varðar frammistöðu kennara og gæði kennslu. Meðaltal spurninganna eru 4,15 fyrir haustönn 2014 og enn hærra á vorönn 2015 eða 4,25. Reyndar er útkoman fyrir vorönnina sú besta sem fengist hefur frá því við byrjunum að mæla þetta. Markmiðið er að meðaltalið fari aldrei undir 4.

Þegar spurt er um jákvætt og hvetjandi andrúmsloft í skólanum þá kemur í ljós að hvatningin hefur verið rétt yfir viðmiðunarmörkum á haustönninni því meðaltalið er 3,86 en 3,95 á vorönn, viðmiðið er 3,8. Hrósið er 3,98 á haustönn en 4,05 á vorönn sem er sömuleiðis viðunandi og vel yfir mörkum. Þegar líðan nemenda er metin út frá kennslumatinu (sp. 17) þá er hún rétt yfir viðmiðunarmörkum, 4,28 á haustönninni en mun hærri á vorönninni eða 4,42 og hefur ekki mælst hærri sem er mjög gott. Því við höfum haft áhyggjur af líðan nemenda á svæðinu.

Liður í að bæta líðan nemenda var að auka félagsrými þeirra en eina svæðið sem nemendur geta sest niður á er í matsalnum en hann rúmar einungis hluta nemendahópsins í sæti. Sótt var um stækkun á félagsrými nemenda síðastliðið vor. Bréf var sent til mennta- og menningarmálaráðuneytisins ásamt teikningu og fjárhagsáætlun en ekkert svar hefur borist við erindinu. Öll sveitarfélögin á svæðinu styðja þessar hugmyndir sem við vonum að geti orðið að veruleika þannig að hægt sé að taka það í notkun næsta haust á 40 ára afmæli skólans.

Í skólasamningi segir einnig:

- Áhersla verður lögð á að þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.
  - Starfsnámsbrautir verði orðnar 5 haustið 2014. „Smiðjur“ verði á sama tíma a.m.k. þrjár.
  - Þrjár starfsnámsbrautir ásamt tilheyrandi áföngum verði komnar í námskrárgrunn haustið 2013.
  - Starfsbraut, fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, verði komin í grunninn haustið 2013.
  - Skilgreina almennt tækninám með námslok á fyrsta þrepi á vorönn 2013.

Þessar námsbrautir hafa verið að taka breytingum og, eins og áður sagði, er nú stefnt að því að þær verði tilbúnar og komnar í grunninn á vorönn 2016. Nú stefnum við að því að hafa fjórar starfsnámsbrautir og eina framhaldsskólabraut sem gætu haft svipaðan kjarna en ólíkar sérgreinar. Við erum komin með tvær smiðjur, listasmiðju og smíðasmiðju, sem eru hluti af almennri braut og gætu gengið inn í framhaldsskólabrautina. Þessi vinna hefur dregist því við lögðum áherslu á að ljúka fyrst við stúdentsbrautirnar auk þess sem ljóst var að við þyrftum að endurskoða hugmyndir okkar um þessar brautir.

Námsbraut fyrir nemendur með námserfiðleika, starfsbraut, er tilbúin og hefur verið sett inn í námskrárgrunninn og hefur fengið viðurkenningu ráðuneytisins.

Verkefnastjóri mun stýra þessari vinnu ásamt samstarfshópi. Verknámsbrautirnar verða gerðar og settar upp í samvinnu við aðra skóla sem bjóða uppá það nám eftir því sem hægt er.

### 3. Draga úr brottfalli

- a. Minnka brottfall þannig að í lok samningstímans hafi það minnkað um 1 – 1,5 prósentustig (10% og 6%).
- b. Á haustönn 2015 verði 80% kennara skólans virkir þátttakendur í kennslukerfinu MOODLE. Á haustönn 2012 var þetta hlutfall 52%.

Það dró verulega úr brottfalli á haustönn 2013 eins og taflan sýnir en mælingu var sleppt á vorönn 2014 vegna verkfallsins. Brottfall hefur því miður aukist aftur verulega miðað við þessa mælingu og er 10,8% á vorönn 2014 og lækkar lítið eitt í 10,3% á vorönn 2015. Í þeim tölum eru þeir sem skráðu sig í nám í upphafi en fengu síðan ekki lokamat í viðkomandi áfanga. Þeir hafa því sagt sig úr áfanga eftir að frestur til þess var liðinn, hætt eða ekki mætt í próf. Ef þessi hópur á vorönninni er skoðaður þá kemur í ljós að 7,1% segir sig úr einstaka áfanga/áföngum og 3,2% höfðu próftökurétt en mættu ekki í prófið. Það eru síðan 3,3% sem hætta alveg í skólanum eða 31 nemandi ( hluti af þessum 10,3%). Þeim hefur fækkað frá því sem var á haustönninni en þá hættu 52 nemendur eða 5,5%. Það eru vanalega færri sem hætta á vorönninni því þeir sem eru í mestri brottfallshættu eru þegar hættir á haustönn. Hvað sem öðru líður þá er þetta allt of mikill fjöldi og því heldur okkar barátta áfram við að halda þeim í námi. Nánar má lesa um brottfallið í sérstakri skýrslu námsráðgjafa um brottfall og ástæður þess. Þegar þessar tölur um brottfall eru skoðaðar þá er forvitnilegt að skoða tölur yfir skiptingu nemenda á brautir í skólanum en þær má sjá á heimasíðu skólans. Mest brottfall er meðal nemenda á almennum brautum og á stuttum starfsnámsbrautum en þessi hópur er um 20% af okkar nemendahópi.

Brugðist hefur verið við brottfalli með auknu utanumhaldi, aukinni námsráðgjöf, uppstokkun á umsjónarkerfinu, breyttum kennsluháttum í sumum greinum og fleira. Einnig höfum við verið þátttakendur í skimunarverkefni Stellu Blöndal sem ráðuneytið hefur staðið fyrir. Þeir nemendur sem hafa skorað hæst á því prófi eru kallaðir í viðtal til námsráðgjafa og reynt að halda vel utan um þá.

Við fengum niðurstöður könnunar sem Rannsóknir og greining unnu bæði á áfengis- og vímuefnaneyslu nemenda og eins á líðan nemenda okkar. Þær niðurstöður voru að mörgu leyti fróðlegar og niðurstöður þeirra kynntar fyrir foreldrum á foreldrafundi og eins starfsmönnum á starfsmannafundi. Við þurfum að huga að líðan pilta sem eru 18 ára og eldri en það hefur verið gert með því að fjölga námsráðgjöfum.

Fjöldi kennara sem er virkur á Moodle hefur aukist svo þar erum við á réttri leið. Virkir kennarar á Moodle núna eru vel yfir 80% af heildarkennarahópnum. Þegar kennslan hefst þá er búið að stofna alla hópana og flýttir það fyrir og auðveldar kennurum að taka þetta upp. Kennarar eru komnir mislangt í notkun og útfærslu á þessu en áhuginn hefur aukist. Svokölluð örnámskeið hafa verið haldin reglulega til að kenna mönnum á Moodle og hafa margir nýtt sér það. Einhverjir voru að prófa sig áfram í nýju kennslukerfi sem er tengt INNU.

4. Auka samstarf og samvinnu við menntastofnanir á svæðinu sem og fyrirtæki og sveitarfélög
  - a. Gera samstarfssamning við Fisktækniskólann fyrir haustönn 2013.
  - b. Auka samskipti og tengsl við stjórnendur og fagkennara í grunnskólum með því að útbúa fastan samstarfsgrundvöll með a.m.k. einum fundi á önn.
  - c. Auka samstarf og samvinnu við MSS og Keili með tveimur fundum á ári. Fyrsti fundur verði á vorönn 2013.

Búið er að ganga frá formlegum samstarfssamningi við Fisktækniskólann um netagerðarbrautina. Afrit af honum var sent til ráðuneytisins.

Fundað var með fulltrúum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, skólastjórnendum og fagkennurum á svæðinu öllu. Á þeim fundum var sérstaklega rætt um gildistöku nýrrar námskrár í framhaldsskólum og röðun nemenda í áfanga á fyrsta og öðru þrepi í framhaldi af því. Einnig var rætt um fljótandi skil milli skólastiga og hvernig mætti efla þau og svo hitt hvernig niðurstöður prófa í kjarnagreinum á fyrstu önn hafa verið eftir skólum og árangur nemenda hvers grunnskóla í þeim prófum þannig metinn. Markmiðið með þessu samstarfi er að stuðla að því að nemendur raðist sem réttast í áfanga í framhaldsskóla.

Skólameistari hefur fundað með hópi sem vinnur að mótun menntastefnu fyrir Reykjanesbæ.

## Lokaorð

Nánar má lesa um einstaka þætti þjónustunnar og annað í skólastarfinu í skólaskýrslunni sem er á heimasíðu skólans. Þar er meðal annars að finna skýrslur allra sviða, bókasafns og þeirra starfsmanna sem gegna sérstörfum.

Undanfarin ár hefur SFR látið Gallup gera fyrir sig könnun meðal ríkisstarfsmanna þar sem meðal annars er spurt um starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt starfsmanna og trúverðugleika stjórnenda. Nú síðast lentum við í öðru sæti af 79 í hópi stórra ríkisstofnana, efstur framhaldsskólanna í þessum flokki. Við getum því notað titilinn „Fyrirmyndarstofnun SFR“ annað árið í röð, sem er að sjálfsögðu ánægjulegt fyrir vinnustaðinn okkar. Samkvæmt þessari könnun líður fólki hér vel í starfi og starfsandinn er mjög góður. Það sem fólk setti helst út á eru launakjörin, en þessi könnun var lögð fyrir áður en nýir kjarasamningar voru gerðir.

NFS setti upp söngleikinn Rauða Myllan eða Moulin Rouge við góðar undirtektir. Þá náðu lið skólans góðum árangri í keppnum á vegum framhaldsskólanna, Gettu betur og Morfís.

Í lokin er rétt að geta þess að skólinn hefur um langt skeið notið velvildar fyrirtækja og félagasamtaka á Suðurnesjum. Vélstjórafélag Suðurnesja sem hefur fært vélstjórnardeildinni veglegar gjafir og svo var einnig nú. Rafiðnafélag Suðurnesja gaf rafiðnadeildinni góðar gjafir auk þess fékk starfsbrautin fjölmarga ipada að gjöf frá félagasamtökum á svæðinu sem var mikil bót fyrir deildina.



Kalka, sem er sorpeyðingarstöð svæðisins, gaf raungreinadeildinni eina miljón til tækjakaupa í tilefni af tíu ára afmæli sínu.

Fleiri fyrirtæki hafa styrkt starfsemi skólans og má nánar lesa um það í skólaskýrslunni. Þessar gjafir skipta miklu máli fyrir starfsemi þessara deilda sem og skólann í heild.